



# KRABBAMEINSLÆKNINGAR

## Deildarlækna

Á dag- og göngudeild krabbameinslækninga Landspítala eru laus til umsóknar tvö störf deildarlækna til eins árs, en möguleiki er á ráðningu til lengri eða skemmri tíma. Starfshlutfall er 100%. Önnur staðan veitist frá 1. september 2014, en hin frá áramótum eða eftir nánara samkomulagi.

Starfið er unnið í náinni samvinnu við sérfræðilækna í krabbameinslækningum og felur í sér þverfaglega teymisvinnu með fjölmörgum öðrum sérgreinum læknisfræðinnar eins og skurðlækningum, lyflækningum, myndgreiningu og meinafræði. Einnig felur starfið í sér samvinnu við aðrar starfsstéttir á sviði krabbameinslækninga með þátttöku í fjölfaglegum teyllum.

Starfsumhverfið á dag- og göngudeild krabbameinslækninga er lærdómsmiðað. Áformað er að viðkomandi deildarlæknir fái skipulagða handleiðslu sérfræðings í krabbameinslækningum. Fagleg árvekni og endurskoðun klínískra leiðbeininga og verkferla er hluti af fagmennsku deildarinnar.

Starfið hentar vel fyrir lækna sem hafa hug á að leggja fyrir sig krabbameinslækningar en líka fyrir þá sem eru að íhuga aðrar sérgreinar. Verið er að þróa vinnulag sem felur í sér aukna samvinnu fjölmargra starfsstétta með það að markmiði að gera meðferð og þjónustu við einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og ættingja þeirra skilvirkari.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Færni í almennum læknisstörfum
- » Þátttaka og þjálfun í greiningu og meðferð sjúklinga með flókna langvinna sjúkdóma
- » Þátttaka í samvinnu ólíkra sérgreina læknisfræðinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

### Hæfnikröfur

- » Íslenskt lækningaleyfi
- » Reynsla í lyflækningum er góður kostur
- » Góð færni í mannlegum samskiptum
- » Öguð vinnubrögð
- » Áhugi á að bæta sig í faglegu klínisku umhverfi

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2014.
- » Upplýsingar veita Berglind María Jóhannsdóttir, læknir, netfang [berglmj@landspitali.is](mailto:berglmj@landspitali.is), sími 543 1000 og Helgi Sigurðsson, yfirlæknir, netfang [helgisi@landspitali.is](mailto:helgisi@landspitali.is), sími 824 5406.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Helga Sigurðssyni, yfirlækni, LSH Eiríksgötu 21, 101 Reykjavík.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Sótt er um starfið rafrænt á; [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.